

Dreifibréf til lífeyrissjóða

6. janúar 2017
Tilvísun: 2017010333

Efni: Drög að reglum um birtingu upplýsinga um fjárfestingarkostnað lífeyrissjóða.

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal, nr. 2/2017, sem inniheldur drög að reglum um breytingu á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Skjalið er birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/log-ogtilmaeli/umraeduskjol>.

Regludrögin útfæra nánar hvernig lífeyrissjóðir eiga að birta í skýringum upplýsingar um fjárfestingarkostnað, sbr. 10. gr. reglna um ársreikninga lífeyrissjóða. Með drögunum er upplýsingagjöf lífeyrissjóða vegna fjárfestingarkostnaðar samræmd, en við samþykkt reglnanna verður lífeyrissjóðum skylt að birta upplýsingar samkvæmt stöðluðu formi sem er hluti af reglunum. Ítarlegar skýringar varðandi birtingu og flokkun upplýsinga um fjárfestingarkostnað fylgja regludrögunum.

Gildistaka reglnanna miðast við reikningsskilaárið 2017, þ.e. að upplýsingar samkvæmt forminu verði veittar í ársreikningum næsta árs. Lífeyrissjóðum er heimilt að veita upplýsingar samkvæmt forminu við gerð ársreikninga vegna reikningsskilaársins 2016.

Fjármálaeftirlitið mun gefa lífeyrissjóðum kost á að gera athugasemdir við drögin. Frestur til að senda inn umsagnir vegna regludraganna er til 26. janúar nk. Umsögnum skal skila á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Haldóra E. Ólafsdóttir

Hjálmar S. Brynjólfsson